



FLUGMÁLASTJÓRN

Alþingi
Erindi nr. P 125/1187
komudagur 24. 3. 2000

Reykjavíkurlugvöllur
Box 350 · 121 Reykjavík
Sími 569 4100 · Fax 562 3619
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll
Fr. Eva Margrét Ævarsdóttir
nefndarritari allsherjarnefndar
Þórshamar v/ Templarasund
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor

Dags.

16. mars 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum.

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis dags. 2. mars sl. Flugmálastjórn hefur eftirfarandi athugasemdir við framlagt frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, með síðari breytingum.

Varðandi 3. gr. frumvarpsins:

Í 3. mgr. 19. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 segir svo :”Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.” Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga eru talin upp þau skjöl sem almennt teljast til loftfarsskjala, farþegalisti er þar á meðal. Ennfremur er í 79. gr. laganna heimild lögreglu til að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis. Má því í raun segja að heimild lögreglu til að krefjast farþegalista af stjórnanda loftfars sé nú þegar fyrir hendi.

Varðandi 7. gr. frumvarpsins:

Í 1. mgr. er kveðið á um heimildir lögreglu til að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendinga til notkunar við brottför. Ástæða er til að íhuga útvíkkun þessarar heimildar lögreglu í ljósi breyttra viðskiptahátta. Ljóst er að rafrænir farseðlar koma til með að taka við af pappírsgáfum í náinni framtíð. Í stað pappírs farseðils fær farþegi að öllum líkindum staðfestingu, í einhverju formi, á farsamningi við flytjanda. Sú staðfesting getur verið skrifleg og útgefin af flytjanda með ferðaáætlun og staðfestingarnúmeri, eða einungis gefin út rafrænt svo sem í tölvupósti til farþega. Farþegi kemur því til með að geta ferðast án þess að farseðill á pappírformi sé útgefinn, með því að framvísa persónuskilríkjum við innritun, eða með því að sýna staðfestingu eða staðfestingarnúmer. Ljóst er því að haldlagning lögreglu á farseðli eingöngu, kemur ekki til með að stöðva farþega.

Virðingarfyllst

Þorgeir Pálsson
flugmálastjóri